


Hallgrímskirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag 2021

Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.
Kór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Steinars Loga Helgasonar.
Einsöngvari er Hallveig Rúnarsdóttir.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.



Gleðileg jól

Takið virkan þátt í sálmasöng

Forspil Der Tag, der ist so Freudenreich BWV 605 *Johann Sebastian Bach*

Upphafsbæn

Prestur: Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda.

Söfn.: Amen.

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni.

Söfn.: Skapara himins og jarðar.

Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú Drottinn Jesús, frelsari minn, þú heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt, fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trú í Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó, Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Sálmur

Í dag er glatt í döprum hjörtum,
því Drottins ljóma jól.

Í niðamykrum nætursvörtum
upp náðar rennur sól.

Er vetrar geisar stormur stríður,
þá stendur hjá oss friðarengill blíður,
og þegar ljósið dagsins dvín,
::: oss Drottins birta kringum skín. :::

Oss öllum mikinn fögnuð flytur
sá friðarengill skær:

Sá Guð, er hæst á himni situr,
er hér á jörð oss nær.

Sá Guð, er ræður himni háum,
hann hvílir nú í dýrastalli lágum,
sá Guð, er öll á himins hnoss,
::: varð hold á jörð og býr með oss. :::

Guðs lýður, vertu' ei lengur hræddur
og lát af harmi' og sorg.

Í dag er Kristur Drottinn fæddur
í Davíðs helgu borg.

Hann fjötrum reifa fast er vafinn,
í frelsi barna Guðs svo þú sért hafinn.
Hann þína tötra tók á sig,
::: að tign Guðs dýrðar skrýði þig. :::

Ó, dýrð sé þér í hæstum hæðum,
er hingað komst á jörð.

Á meðan lifir líf í æðum,
þig lofar öll þín hjörð.

Á meðan tungan má sig hræra,
á meðan hjartað nokkuð kann sig bæra,
hvert andartak, hvert æðarslag
::: Guðs engla syngi dýrðarlag. :::

Valdimar Briem.

Introitus

Prestur: Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn.

Söfn.: Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla.

Prestur: Hann skal heita hinn undrunarlegi, ráðgjafi, hinn máttugi Guð.

Söfn.: Faðir eilífðarinnar, friðarhöfðingi.

Prestur: Syngið Drottni nýjan söng!

Söfn.: Því dásamlega hluti hefur hann gjört.

Dýrðarsöngur

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum.

Söfn.: Dýrð sé Guði í upphæðum, friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum.

Vér lofum þig, vér göfgum þig, vér dyrkum þig, vér tignum þig; þakkir gjörum vér þér sakir mikillar dýrðar þinnar, Drottinn Guð, himneski konungur, almáttugi faðir.

Ó, Drottinn Jesús Kristur, þú eingetni sonur, Drottinn Guð, lamb Guðs, sonur föðurins, þú, sem burtu ber heimsins synd: Miskunna þú oss. Því þú einn ert heilagur, þú einn ert Drottinn, þú einn, ó Kristur, með heilögum anda, ert hæst í dýrð Guðs föður. Amen.

Söfnuður sest

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

Prestur: Biðjum ... um aldir alda.

Söfnuður: Amen.

Fyrri ritningarlestur *Jesaja 62.10–12*

Gangið út, já, gangið út um hliðin, greiðið götu þjóðarinnar. Leggið, leggið braut, ryðjið grjótinu burt, reisið merki fyrir þjóðirnar. Sjá, Drottinn hefur kunnigjört allt til endimarka jarðar: „Segið dótturinni Síon, sjá, hjálpraði þitt kemur. Sjá, sigurlaun hans fylgja honum og fengur hans fer fyrir honum.“ Þeir verða nefndir heilagur lýður, hinir endurleystu Drottins, og þú kölluð Hin eftirsóttá, Borgin sem aldrei verður yfirgefin.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Söfnuður: Guði sé þakkargjörð.

Kórsöngur

Opin standa himins hlið *Franskt lag frá 16. öld, raddsetning. Charles Wood/Texti: G.R.Woodward – Sigurður Pálsson*

Síðari ritningarlestur *Títusarbréfið 3.4–7*

En er gæska Guðs, frelsara vors, birtist og elska hans til mannanna, þá frelsaði hann okkur, ekki vegna réttlætisverkanna, sem við höfðum unnið, heldur frelsaði hann okkur af miskunn sinni. Það gerði hann í þeirri laug endurfæðingar og endurnýjunar heilags anda sem hann lét ríkulega yfir okkur streyma sakir Jesú Krists, frelsara vors. Þannig erum við réttlætt fyrir náð hans og urðum í voninni erfingjar eilífs lífs.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Söfnuður: Dýrð sé þér, Drottinn.

Sálmur *kórinn syngur fyrstu tvö erindin*

*Einu sinni' í ættborg Davíðs
ofur hrörlegt fjárhús var,
fátæk móðir litverp lagði
lítið barn í jötu þar,
móðir sú var meyjan hrein,
mjúkhent reifum vafði svein.*

*Kom frá hæðum hingað niður
hann, sem Guð og Drottinn er,
jatan varð hans vaggan fyrsta,
vesælt skýli kaus hann sér.
Snaudra gekk hann meðal manna,
myrkrið þekkti' ei ljósið sanna.*

Móður blíðri barnið helga
bernsku sinnar dögum á
hlýðni sýndi' og virðing veitti,
vann það starf, er fyrir lá.
Kristin börn í berskurann
breyta vilja eins og hann.

Loks vér sjá hann fáum frelsuð,
fyrir' hans blóð og sáttargjörð,
því það barn, svo blítt og hlýðið,
ber nú allt á himni' og jörð,
börn sín leiðir áfram öll
upp til sín í dýrðarhöll.

C.F.Alexander - Friðrik Friðriksson.

Guðspjall

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Guðspjallið skrifaði guðspjallamaðurinn Jóhannes. 1.1–14

Söfnuður: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap

Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði. Allt varð til fyrir hann, án hans varð ekki neitt sem til er. Í honum var líf og lífið var ljós manna. Ljosið skín í myrkrinu og myrkrið tók ekki á móti því. Maður kom fram, sendur af Guði. Hann hét Jóhannes. Hann kom til vitnisburðar, að vitna um ljosið og vekja alla til trúar á það. Ekki var hann ljosið, hann kom til að vitna um ljosið. Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn. Hann var í heiminum og heimurinn var orðinn til fyrir hann en heimurinn þekkti hann ekki. Hann kom til eignar sinnar en hans eigið fólk tók ekki við honum. En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim sem trúa á nafn hans. Þau urðu ekki til á náttúrulegan hátt né af vilja manns heldur eru þau af Guði fædd. Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika og vér sáum dýrð hans, dýrð sem sonurinn eini á frá föðrunum.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Söfn.: Lof sé þér, Kristur

Trúarjátning

Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs, og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.

Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisnu mannsins og eilíft líf. Amen.

Söfnuður sest að lokinni trúarjátningu

Sálmur kórinn syngur fyrstu tvö erindin

Guðs kristni í heimi, krjúp við jötu lága.

Sjá, konungur englanna fæddur er.

Himnar og heimar láti lofgjörð hljóma.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Sjá, himnarnir opnast. Hverfur nætursorti, og himneskan ljóma af stjörnu ber.

Heilagan lofsöng himinhvolfin óma.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Hann ljós er af ljósi, Guð af sönnum Guði, einn getinn, ei skapaður, sonur er.

Orðið varð hold í hreinnar meyjar skauti.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Á Betlehemsvöllum hirðar gættu hjarðar.

Guðs heilagur engill þeim fregn þá ber:

Fæddur í dag er frelsari vor Kristur.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Ó, dýrð í hæstu hæðum.

Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.

Já, dýrð sé í hæðum Drottni, Guði vorum,
og dýrð sé hans syni, er fæddur er.
Lofsöngvar hljómi. – Himinhvolfin ómi:
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó dýrð sé þér.
Wade – Valdemar V. Snævarr.

Prédikun

Einsöngur Flöðt, mein Heiland, aría úr Jólaoratoriunni *Johann Sebastian Bach*

Kirkjubæn

Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Söfnuður: Drottinn, heyr vora bæn.

Faðir vor

Blessun

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Söfnuður: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Söfnuður: Amen, amen, amen.

Söfnuður rís úr sætum

Sálmur

Heims um ból helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
meinvill í myrkrunum lá.

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
konungur lífs vors og ljóss.

Heyra má himnum í frá
englasöng: „Allelújá“.
Friður á jörðu, því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
samastað syninum hjá.
Sveinbjörn Egilsson.

Eftirspil Dieu parmi nous úr Fæðingu frelsarans *Olivier Messiaen*

Í Hallgrímskirkju um jól og nýár:

Annar í jólum 26. desember kl. 14:00. Fjölskylduguðsþjónusta

Annar í jólum 26. desember kl. 17:00. Orgeltónleikar. Miðar seldir í kirkju og á www.tix.is

Miðvikudagur 29. desember kl. 10:30. Guðsþjónusta

Gamlársdagur 31. desember kl. 16:00. Hátíðarhljómar við áramót. COVID - hraðpróf

Gamlársdagur 31. desember kl. 18:00. Aftansöngur

Nýársdagur 1. janúar 2022 kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta

Vinsamlegast athugið að á viðburðum þar sem ekki er krafist neikvæðs hraðprófs er takmarkaður fjöldi gesta leyfður.

Nánari upplýsingar um viðburði: Sjá www.hallgrimskirkja.is